

Almenn slysatrygging greiðir bætur vegna afleiðinga slysa. Valkvæðir bótaþættir eru dagpeningar vegna tímabundinnar óvinnufærni, örorkubætur vegna varanlegrar færnisskerðingar og dánarbætur. Um trygginguna gilda þessir skilmála auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir. Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlínum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

3. gr. Bætur vegna tímabundins missis starfsorku

Verði vátryggður óvinnufær af völdum slyss greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi. Dagpeningar eru greiddir eftir að biðtíma lýkur þar til vátryggður verður vinnufær að nýju eða við lok bótatíma, þó ekki fyrir tímabil að loknum fimm árum frá slysdegi. Biðtími reiknast frá upphafi óvinnufærni og greiðast dagpeningar eftir það í hlutfalli við starfsorkumissinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.

4. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

Valdi slys vátryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdegi greiðast bætur á grundvelli þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við metna örorku.

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Missir eða bæklun á útlum eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlum eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá slysdegi og eigi fyrr en þegar greiðslum dagpeninga lýkur með hliðsjón af ástandi vátryggðs þá. Telji vátryggður eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand vátryggðs kunni að breytast skal framkvæma örorkumati síðasta lagi þremur árum eftir að slysið varð. Ef líkur eru til að ástand hins vátryggðs megi bæta með læknismeðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Vilji vátryggður eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá slysdegi.

Ef vátryggður deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá slysdegi greiðast engar örorkubætur.

5. gr. Dánarbætur

Valdi slys dauða vátryggðs innan eins árs frá slysdegi greiðist rétthafa bóta vátryggingarfjárhæð sú sem var í gildi á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að vátryggður deyr.

6. gr. Bætur vegna tannbrots

Vátryggingin greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkuvátryggingarfjárhæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð. Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar. Félagið bætir ekki heldur brot á tönnum sem ber að höndum þegar vátryggður matast.

7. gr. Undanþágur

Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- Slyss sem vátryggður verður fyrir í handalögumálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss sem rekja má til neyslu áfengis, deyfi- eða eiturlýfja nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Slyss eða annarra afleidiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Slyss sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.

Undanþágur sem vátryggja má sérstaklega:

- Slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- Slys sem verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallklifri, klettklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Slys sem verða í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

Undanþágur vegna sjúkdóma o.fl:

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, hreyfihömlun, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrabiti eða stungu. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að vátryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til. Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjóskloss, þursabits (lumago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma. Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs, eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.

8. gr. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur úr gildi í lok þess vátryggingarárs er vátryggður nær 67 ára aldri nema annað komi fram í vátryggingarskírteini. Félagið vátryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

9. gr. Áhættubreyting

Vátryggðum ber að tilkynna féluginu um allar breytingar á starfi hans eða öðrum atriðum sem fram koma í vátryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins svo það geti dæmt um hvort vátryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

Ef vátryggður dvelst erlendis í meira en hálftrár í senn ber honum að tilkynna féluginu um það og er féluginu þá heimilt að segja vátryggingunni upp fyrirvara laust gegn því að endurgreiða iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

10. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæðir örorkubóta, dánarbóta og bóta vegna tímabundins missis starfsorku reiknast á grundvelli gildandi vátryggingarfjárhæðar á slysdegi eða upphafsdégi sjúkratímabils en breytast með vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá slysdegi til uppgjörsdags.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019